



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Kúnnstín að vera klofstuttur

Kynningarfyrirlestur

Ólafur Páll Jónsson

prófessor í heimspeki

við Menntavísindasvið Háskóla Íslands

19. nóvember 2015

I

Í dag, 19. nóvember, er alþjóðlegur dagur heimspekinnar. Til hamingju með daginn. Það er reyndar ekki alveg ljóst hvað það er sem heiðra skal í dag, því það er ekki alveg ljóst hvað heimspeki er. Stundum er hún alvarleg fræðigrein, stundum leikur eða tómstundaíðja. Til að geta kallað sig heimspeking þarf maður að fara í háskóla og sitja þar í mörg ár, og samt er oft sagt að börn á leikskólaaldri séu heimspekingar. En allt um það, í dag er alþjóðlegur dagur heimspekinnar og því nota ég, sem kalla mig stundum heimspeking, tækifærið til að hafa orðið.

Upphaf vestrænnar heimspeki er jafnan rakið til manns að nafni Þales, sem bjó í Míletos á strönd Litlu-Asíu, skammt þar frá sem sumardvalarstaðurinn Bodrum er í Tyrklandi samtímans. Á þessum tíma var Míletos blómleg hafnarborg og verslunarmiðstöð og um hana rann ekki bara straumur fólks og varnings, þarna mættust líka hugmyndir sem bárust víða að, m.a. stærðfræði og stjörnufræði sem kom úr austri.¹ En hvers vegna skyldi heimspekin hafa kviknað þarna? Hvers vegna kemst hinn frjálsi rannsóknarandi á flug þarna á strönd Litlu-Asíu en ekki annars staðar, t.d. í Babýloníu þar sem menn voru komnir lengra í stjörnufræði.² Ein skýring kann að vera sú „að hjá Grikkjunum var þekkingin ekki

1

Sjá „Frumherjar grískrar heimspeki“ eftir Patriciu Kenig Curd og Eyjólf Kjalar Emilsson í bókinni *Grikkland ár og síð* (Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík, 1991, bls. 51).

einkamál voldugrar prestastéttar sem tengdist í senn rótgrónum trúarbrögðum og veraldlegu valdi eins og í stórveldunum í austri og suðri, heldur var hún í höndum manna sem voru tiltölulega lausir við klafa trúarbragða og valda. Segja má að þeir hafi verið ábyrgðarlausir, veraldlegir menntamenn.³ Kannski mætti segja að ábyrgðarleysið sé móðir heimspekinnar, sem hlýtur þá að vekja upp spurningar um það hvers vegna heimspekingar eru ráðnir til starfa við ábyrgar og alvarlegar menntastofnanir sem treyst er fyrir fjöreggi þjóðarinnar. En hvernig sem þessu kann að vera háttað, þá er ábyrgðarleysið ekki kveikjan að heimspekinni, þótt það kunni að vera forsenda hennar. Í fyrstu bók *Frumspekinnar* getur Aristóteles sér til um hver þessi kveikja sé. Hann segir:

Því að í árdaga, sem og núna, var undrunin aflvaki heimspekinnar. Í öndverðu furðuðu [mennirnir] sig á nærtækum vanda-málum, en hægt og bítandi tóku þeir framförum og veltu vöngum yfir hinum meiri ráðgátum, svo sem hamskiptum mánans, sólinni og stjörnunum og tilurð alls sem er. Þeim sem stendur ráðþrota og furðu lostinn finnst sem sig bresti þekkingu, og þess vegna eru unnendur goðsagna einnig að nokkru leyti unnendur viskunnar eða heimspekingar, því að goðsögnin er undirorpin furðu. Ef menn hófu ástundun heimspekinnar til þess að forðast

2

Sjá Stephen Toulmin og June Goodfield, *Fabrics of the Heavens*, University of Chicago Press, Chicago, 1961.

3

Patricia Kenig Curd og Eyjólfur Kjalar Emilsson, „Frumherjar grískrar heimspeki“, bls. 51.

ráðprot, er sýnt að þeir ástunduðu vísdominn vegna þekkingarinnar, en ekki fyrir nytsemi sakir.⁴

Ef við nú leggjum þetta tvennt saman, undrunina og ábyrgðarleysið, þá getum við kannski sagt sem svo að heimspekin hafi orðið til vegna þess að í árdaga hennar hafi verið til nokkrir ábyrgðarlausir menn sem undruðust yfir sjálfsögðum hlutum.

II

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um fornöldina en segja ykkur aðeins af mínum eigin högum. Haustið 2005 hóf ég störf við Kennaraháskóla Íslands eftir að hafa verið á skrapdagakerfinu við heimspekiskor Háskóla Íslands frá því ég kom heim frá námi árið 2001. Þarna undi ég mér að mörgu leyti vel þótt erfitt væri að vita aldrei fyrir hvort ég hefði vinnu næsta vetur og þá hversu mikla. Og þar sem ég var ekki bara ábyrgðarlaus heimspekingur heldur líka ábyrgur eiginmaður og faðir, þá sótti um starf lektors í heimspeki við Kennaraháskólann þegar ég sá það auglýst. Ég hafði reyndar lítið vit á heimspeki menntunar. Í námi mínu hafði ég einkum stúderað frumspeki, málspeki og rökfræði auk stjórnmálaheimspeki. Doktorsritgerðin mín fjallaði um það hvort efnislegir hlutir gætu verið ónákvæmir, t.d. hvort það gæti verið óráðið um

4

Aristóteles, *Frumspekin* I, 982b12–22. Íslensk þýðing þessa kafla er eftir Eyjólf Kjalari Emilsson og stendur fremst í kafla hans og Patriciu Kenig Curd, „Frumherjar grískrar heimspeki“.

tiltekna steinvölu við rætur fjallsins Kilimanjaro í Tansaníu hvort hún væri hluti af fjallinu eða ekki. Um þessa spurningu braut ég heilann í að minnsta kosti tvö ár. Ég svaraði henni svo í langri ritgerð þar sem ég færði rök fyrir því að fjall eins og Kilimanjaro væri í raun ónákvæmur hlutur, ský á himninum væri það einnig og líka ég sjálfur. Að auki færði ég rök fyrir því að venjulegir efnislegir hlutir væru til og að nöfn eins og „Kilimanjaro“ eða „Ólafur Páll“ vísuðu til ákveðinna hluta, hið fyrra til hæsta fjalls Afríku og hið síðara til þess manns sem hér stendur. Þið hafið kannski aldrei efast um tilvist venjulegra hluta. Hún virðist alveg augljós. Sjálfur þurfti ég sjö ára nám í heimspeki til að efast um hana, og svo tvö ár til viðbótar til að slá á efann.

Ég var sumsé kominn heim og búinn að fiska á skrapdagakerfinu vestur á Melum í fjögur ár þegar Kennaraháskólinn auglýsti eftir heimspekingi. Ég sótti um og fékk starfið. Satt best að segja vissi ég ekkert út í hvað ég var að fara en var hóflega bjartsýnn á að ég gæti klórað mig fram úr þessu og lét þau skilaboð fylgja með umsókninni að ég gæti kennt eitthvað um gagnrýna hugsun og kannski líka um lýðræði og réttlæti. Segja má að lýðræði og réttlæti hafa verið meginviðfangsefni mín síðustu ár, en lítill áhugi hefur verið á gagnrýninni hugsun sem sérstöku viðfangsefni hér á Rauðarárholtinu. Ég hef að vísu kennt námskeið um gagnrýna hugsun en við afar litlar vinsældir.

Fyrstu misserin eftir að ég koma til starfa við Kennaraháskólann mátti ég hafa mig allan við að vera á undan nemendum mínum að

lesa námsefnið. Mér fannst ég stundum vera kominn í nýtt doktors-nám þar sem ég þurfti að lesa kynstrin öll af nýju efni og skila verkefnum í hverri viku í formi fyrirlestra. Ég var í fyrsta skipti að lesa höfunda eins og Kómeníus, Catharine Macaulay, Wollstonecraft, Pestalozzi, John Dewey, Hönnuh Arendt og Jerome Bruner. Aðra heimspekinga sem ég þekkti vel, svo sem Platon, Aristóteles, Kant og Rousseau, las ég nú með nýjum hætti. Það sama átti við um samtímaheimspekinga eins og John Rawls, Amartya Sen og Mörthu Nussbaum. Leiðbeinendur mínir þessi ár voru samkennarar mínir og nemendur. Afraksturinn birtist að einhverju leyti í bókinni *Lýðræði, réttlæti og menntun* sem út kom haustið 2011. Útgáfa þeirrar bókar var eins konar yfirlýsing um að nú hefði ég náð að hugsa heila hugsun á sviði heimspeki menntunar og gæti því kannski lagt eitthvað til málanna.

Starfið við Kennaraháskólann fól í sér alls kyns nýjar áskoranir, til dæmis þá að ég var ekki lengur heimspekingur meðal heimspekinga. Allt frá því ég byrjaði í BA-námi í heimspeki við Háskóla Íslands haustið 1990 hafði heimspekin verið mín heimahöfn og föruneysið ýmist nemendur eða kennarar í heimspeki. Frá Háskóla Íslands lá leiðin til Calgary í Kanada þar sem ég lauk meistaraþrófi í heimspeki. Lokaritgerðin var um vandamál á sviði málheimspeki. Vandamálið er í stuttu máli þetta:

Setjum svo að ég eigi að svara spurningunni „Hvað er $68 + 57$?“ en hafi aldrei lagt saman tölur sem séu hærri en 57. Þetta þýðir að spurningin er alveg ný fyrir mér. Þið leggið þetta líklega

saman í huganum og fáði út að „125“ sé rétt svar. En hvernig get ég vitað að það sé rétt svar frekar en t.d. „5“ úr því að ég hef aldrei séð þetta dæmi áður?

Við getum ímyndað okkur að þvermóðskufullur efasemdamaður bæði okkur um að benda máli okkar til stuðnings á einhverja staðreynd sem sýndi að rétt svar væri „125“. Meinið er að það reynist þrautin þyngri að svara efasemdamanninum.⁵

Frá Calgary lá leiðin til Cambridge í Massachusetts í Bandaríkjunum og eftir fjögur ár þar kom ég heim með doktorspróf í farteskinu og lokaði þá hringnum við heimspekiskor Háskóla Íslands. Haustið 2005 hafði ég því helgað mig heimspeki meðal heimspekinga í 15 ár en var nú kominn á stað þar sem voru ekki margir heimspekikennarar og engir heimspekinemar.

III

Fyrsta verkefnið mitt sem lektor í heimspeki við Kennaraháskólann er mér mjög minnisstætt. Dóra S. Bjarnason hringdi í mig og spurði mig hvort ég gæti komið á fund til að ræða við sig og nokkra nemendur sem væru í algjöru sjokki. Við hittumst í fundaherberginu á bókasafninu og þar var Gretar L. Marinósson líka.

5

Bandaríski heimspekingurinn Saul A. Kripke setti þessa ráðgátu fram í bók sinni um Wittgenstein, *Wittgenstein on Rules and Private Language* (Oxford University Press, Oxford, 1982). Á íslensku má lesa um þennan vanda í grein minni „Efhayggja um merkingu“, *Hugur: Tímarit um heimspeki*, 10.–11. ár, 1999, bls. 66–87.

Málið var að Dóra og þessir nemendur höfðu verið á ráðstefnu í Finnlandi. Finnstur heimspekingur hélt lokafyrirlestur ráðstefnunnar og velti því sisvona fyrir sér hvers vegna ekki ætti að aflífa mjög þroskaheft fólk. Eins og gengur hafði ráðstefnan dregist og þegar fyrirlestrinum lauk var enginn tími til að ræða þessi efnistökin við hinn finnska heimspeking. Íslendingarnir höfðu flugvél að ná. En nú var ég sumsé kominn á þeirra fund, sem heimspekingur, og átti, að mér skildist, að slá á sjokkið yfir því að nokkur fræðimaður skyldi yfirleitt leyfa sér að tala svona um aðrar manneskjur. Ég man ekki hvað ég sagði annað en að svona efnistökin væru alvanaleg í heimspeki – þegar kæmi að tilfinningum viðmælenda eða áheyrenda, hvað þá viðteknum hugmyndum eða hvers kyns rétttrúnaði, þá væru heimspekingar gjarnan fullkomlega ábyrgðarlausir; líklega hefði ekki nokkur heimspekingur í salnum tekið eftir því að eitthvað gróft hefði verið sagt, hvað þá að blóðþrýstingurinn stigi yfir framsetningunni. Eftir langan fund held ég að nemendunum hafi liðið eitthvað skár, þau skildu að þessi finnski heimspekingur var hvorki illmenni né vildi hann ögra áheyrendum; hann var bara að spyrja heimspekilegra spurninga. Þetta er í eina skiptið sem ég hef sérstaklega verið kvaddur á vettvang til að veita heimspekilega þerapíu.

Annað sem breyttist við komuna í Kennaraháskólann var að farið var að biðja mig um að halda alls kyns erindi fyrir félagsamtök og skóla. Ég man t.d. eftir því að Þroskahjálpið bað mig um að fjalla um spurninguna: „Eru öll manna börn jafn merkileg?“,

Skólastjórafélag Suðurlands bað mig að svara spurningunni: „Hvernig má efla skólabrag sem einkennist af lýðræði, starfsgleði og árangri?“, Sérkennarafélag Íslands bað mig að svara spurningunni: „Hver er staða sérkennarans í skólasamfélaginu?“ og Fræðslunet Suðurlanda bað mig að svara spurningunni: „Hvernig er hægt að leysa ágreining án slagsmála?“, svo eitthvað sé nefnt. Allar þessar beiðnir eru að því leytinu sérkennilegar að heimspekingar eru yfirleitt ekki vanir að svara spurningum. Okkar iðja er að spyrja spurninga frekar en að svara þeim. Og þá sjaldan það gerist að heimspekingur svarar því sem hann er spurður um, er eins víst að þegar svarið loksins kemur þá skilji spyrjandinn ekki lengur sína eigin spurningu. Þannig var það reyndar með þessar spurningar sem fyrir mig voru lagðar, t.d. spurningu skólastjóranna:

Hvernig má efla skólabrag sem einkennist af lýðræði, starfsgleði og árangri?

Frekar en að svara spurningunni spurði ég á móti hvers vegna þeir hefðu ekki heldur spurt eitthvað á þessa leið:

Hvernig má efla skólabrag sem einkennist af aga, vinnusemi og árangri?

Eða svona:

Hvernig má efla skólabrag sem einkennist af dugnaði, samviskusemi og árangri?

Eftir að hafa þvælt skólastjórunum í gegnum vangaveltur um hvað væri góð spurning, þá spurði ég hvað þeir ættu annars við með

orðinu *árangur*. Þetta tók þrjú korter hið minnsta og þá höfðu þessir ágætu skólastjórar sem ferðast höfðu um héraðið þvert og endilangt örugglega steingleymt því hver upphaflega spurningin var. Hvað veit ég. En svo var kaffi og kökur á eftir og allir virtust sáttir við lífið.

IV

Til að lýsa aðeins betur efnistökm mínum sem heimspekings – og þá sérstaklega undanbrögðum mínum þegar ég er beðinn um að svara einhverri spurningu – langar mig að víkja aðeins að spurningunni sem sérkennararnir lögðu fyrir mig, nefnilega:

Hver er staða sérkennarans í skólasamfélaginu?

Ef ég veldi af handahófi nokkra sérkennara og spyrði þá: „Hver er staða þín í skólasamfélaginu?“ þá er ég næsta viss um að það vefðist fyrir þeim að svara. Einn vandinn er sá að staðan sem viðkomandi manneskja hefur er ekki bara staða hennar sem sérkennara heldur líka staða hennar sem karls eða konu, ungs kennara eða gamalreynds kennara, gagnkynhneigðrar manneskju eða samkynhneigðrar, o.s.frv. Ef við segjum að einhver manneskja hafi stöðu í tilteknu samfélagi þá hlýtur sú staða að vera samspil margvíslegra þátta – sálrænna, líkamlegra, menningarlegra, félagslegra og efna-hagslegra – sem erfitt getur verið að rekja í sundur. Það er hér sem félagsfræðingarnir hafa fundið frjóan akur, stundum til að greina þá þætti sem fléttast saman og mynda stöðu einstaklings, stundum til

að skipta út hugtakinu um stöðu fyrir önnur hugtök, t.d. margvísleg hugtök um auð.⁶

Félagsfræðingur sem hyggst skoða stöðu kennara í skólasamfélagi myndi líkast til gera empiríska rannsókn á þeim þáttum sem ráða kringumstæðum kennarans: hvaða áhrif hann hefur, hvernig samspil hans er við aðra hópa, hvaða tækifæri honum bjóðast, hvaða bjargir honum standa til boða o.s.frv. Heimspekingur nálgast viðfangsefnið með ólíkum hætti. Í stað þess að gera empiríska rannsókn, myndi hann líklega byrja á að velta fyrir sér merkingu hugtaka eins og *kennari*, *skólasamfélag*, *ábyrgð* og *hlutverk*. Heimspekingurinn myndi ekki setta sig við að láta aðra segja sér hvað þessi hugtök merkja – hann myndi t.d. ekki láta sér nægja að vera sagt að kennari sé manneskja sem ráðin sé til starfa sem kennari samkvæmt tiltekinni starfslýsingu. Heimspekingurinn vill vita hvað orðið ‘kennari’ merkir – eða hvað það ætti að merkja – ekki bara hvernig það er í raun notað. Þess vegna leitar heimspekingurinn sjaldan í orðabók til að finna merkingu hugtaka því orðabók geymir fyrst og fremst upplýsingar um notkun orða. Það er ekki einfaldlega *notkun orða* sem honum er hugleikin, heldur *merking hugtaka*.

Þegar ég segi að heimspekinginn varði ekki fyrst og fremst um notkun orða heldur merkingu hugtaka, þá kynni einhver að yppta

6

Sjá t.d. bók Gests Guðmundssonar, *Félagsfræði menntunar* (Skrúdda, Reykjavík, 2009).

öxlum og segja sem svo: „Það kann að vera skemmtileg íþrótt að greina merkingu hugtaka, en þegar ég er ráðin til starfa sem kennari, þá er það notkun orðsins ‘kennari’ sem skiptir máli en ekki merking einhvers hugtaks.“ Raunsæislegt viðbragð sem þetta gefur okkur tilefni til að spyrja: Hefur heimspekingurinn ekki sagt skilið við verkefni hversdagslífsins þegar hann snýr sér frá notkun orða og að greiningu hugtaka? Svarið við þessari spurningu er bæði „Já“ og „Nei“. Viðfangsefni heimspekingsins liggja gjarnan í hinu mögulega ekki síður en í því raunverulega, þau liggja í hugsjónum ekki síður en í kringumstæðum, og heimspekingurinn vinnur með gildi og markmið en ekki bara bláberar staðreyndir.

Hugtakagreining heimspekingsins er þannig í vissum skilningi dálítið á lofti – og stundum reyndar í skýjunum. En í öðrum skilningi er hún mjög jarðbundin. Kannski er enginn fræðimaður jafn jarðbundinn og heimspekingurinn þegar allt kemur til alls. Ef við höldum okkur við dæmið af orðinu ‘kennari’ þá blasir við að merking þess tekur til þess að kennarar vinna í skóla við að mennta börn. Og ef við reynum þá að átta okkur á því hvernig orðið ‘skóli’ er notað, þá fer ekki á milli mála að það er notað yfir stofnun sem á að mennta börn og unglinga, á að vera við hæfi allra, starfa lýðræðislega og stuðla að jafnrétti. En hvað þýðir þá orðin ‘menntun’, ‘lýðræði’ og ‘jafnrétti’. Þegar ég segi að kannski sé enginn fræðimaður jafn jarðbundinn og heimspekingurinn, þá er það vegna þess að hann hnýtur stöðugt um þessi orð. Honum finnst þau óljós, jafnvel orka tvímælis. Hann er eins og klofstuttur

maður sem paufast áfram í stórgrýti. Þar sem mörgum öðrum finnst greiðfært reynist heimspekingnum erfitt að fóta sig. Sem heimspekingur hef ég jafnan reynt að ganga frekar en hlaupa, og ganga hægt. Ég hef lagt mig fram um að vera klofstuttur og hnjóta um orð og hugtök. En ekki bara að hnjóta, heldur líka að sjá það sem fyrir augu ber hvernig sem ég annars sný.

Merking orða er ekki gefin sem einföld staðreynd um tungumálið; við getum hvergi gengið að merkingunni vísri heldur erum við sem málnotendur og þátttakendur í samfélagi stöðugt í þeirri stöðu að þurfa í senn að uppgötva merkingu orða og að skapa og endurskapa hana. Hvað merkir orðasambandið ‘skóli fyrir alla’, eða ‘skóli án aðgreiningar’? Tökum fyrri orðalagið, ‘skóli fyrir alla’. Um þetta orðalag getum við spurt: Hvað er *skóli*? Hverjir eru *allir*? Og hvað merkir það að stofnun eins og skóli sé *fyrir* einhvern? Ef við færum í venjulegan unglingabekk og spyrðum krakkana einn af öðrum: Er þessi skóli fyrir þig? Þá er eins víst að einhverjir unglinganna myndu svara því neitandi. Kannski myndu þeir segja að í stað þess að vera staður sem væri fyrir þá væri skólinn stöðugt að þvælast fyrir þeim. Þegar leikskólakennarar fóru í verkfall fyrir nokkrum árum kom berlega í ljós að margir litu svo á að leikskólar væru fyrst og fremst fyrir foreldra svo þeir gætu komist í vinnuna og þyrftu ekki að hanga heima yfir börnunum sínum. Það hefur verið langvinn glíma leikskólakennara að vinna þeirri hugmynd – eða eigum við að segja hugsjón – fylgi að leikskólar séu fyrir börn.

Það er engin leið að segja til um hvað orðasambandið *staða kennarans* merkir nema taka afstöðu til þess hvers konar skóla maður vill sjá, hvernig börnum sé unnið til hagsbótar, og hvaða skilning maður leggur í hugtök eins og *lýðræði* og *jafnrétti*, sem aftur kallar á greiningu á hugtökum eins og *sjálfræði*, *sjálfstætt líf*, *mannleg reisn*, o.s.frv. Það er engin leið að toga í einn spotta án þess að allur vefurinn færist til. Og það sem meira er; þegar við tökumst á við hugtakagreininguna getum við ekki látið okkur duga að vinna út frá gefnum staðreyndum, við verðum að taka afstöðu til möguleika – við verðum að ákveða hvaða merking af ótal mögulegum merkingum er sú sem best er við hæfi. Við getum ekki einfaldlega staðnæmst við þá merkingu eða merkingarleysu sem er viðtekin.

Annað dæmi sem sýnir kannski enn betur hrikalega jarðbindingu heimspekingsins er sú staðhæfing í lögum, aðalnámskrám og víðar að skólinn skuli vera lýðræðislegur. Allt tal um lýðræði og skóla hefur reynst mér sérlega torfært. Aðrir stika léttstígir framhjá með bros á vör án þess svo mikið sem að skrika fótur.⁷

Vegna þess að heimspekingnum finnst gott að ferðast hægt og stoppa oft, þá er hann líka í stöðu til að setja ólíkar hugmyndir í samhengi. Í vísindum liggur mönnum gjarnan á að komast að niðurstöðu, og til að komast áfram er lærð þröngsýni lykilatriðið; áfangastaðurinn togar og augnskjól vísindalegrar aðferðafræði

7

Sjá *Lýðræði, réttlæti og menntun* og greinina „Þverstæðan um lýðræðislegt skólastarf“, *Uppeldi og menntun*, 24. árg., nr. 2, 2015, bls. 59–75.

tryggja að menn halda sig á réttri braut. Heimspekingurinn á sér enga sérstaka braut og þess vegna er líka mjög hæpið að tala um framfarir í heimspeki. En þótt heimspekingurinn sé í raun hlægileg vera þar sem hann paufast klofstuttur um urðir tungumálsins, hæfilega ábyrgðarlaus og undrandi á því sem fyrir augu ber, þá hefur það líka verið hlutskipti hans að velta því fyrir sér á hvaða vegferð sú hersing annars er sem skipar sér í lið fræða og vísinda, hvernig sú vegferð tengist því lífsverkefni fólks að lifa góðu lífi og greina ástæður þess að upp rísa deilur um markmið og leiðir. Vísindamaðurinn hefur verk að vinna og leit hans að þekkingu er drifin áfram af margvíslegum kröftum sem liggja algerlega utan sjóndeildarhrings vísindanna sjálfra. Það þýðir ekki að vísindamenn vaði áfram í blindni, en þegar þeir staldra við og spyrja sig um siðferðilegar hliðar þess sem þeir gera sem vísindamenn, þá klæðast þeir kufli heimspekingsins.

V

Oft er sagt að ýmsum hópum sé nánast skipulega mismunað í samfélaginu: Konum sé skipulega mismunað í launum og aðgengi að áhrifastöðum, fötluðum sé skipulega mismunað vegna takmarkaðs aðgengis að ýmsum gæðum samfélagsins, t.d. menntun, börnum sem búa við námserfiðleika eða börnum sem eru afburðagreind sé skipulega mismunað vegna þess að skólakerfið er ekki fært um að mæta þeim með sanngjörnum hætti, og þannig mætti áfram telja. Þegar hlutum eins og þessum er lýst sem *félagslegri mismunun*

er gert ráð fyrir að misjafn aðgangur að gæðum samfélagsins sé kerfislægur í einhverjum skilningi. En mismununin er ekki endilega vísituð; hún getur átt sér stað og viðhaldist af ástæðum sem enginn skilur eða hefur beinlínis hugsað út í. Viðbragð við slíkri mismunun verður hins vegar að vera bæði vísitað og kerfislægt og þegar það innifelur skóla sem meginvettvang aðgerða, eins og yfirlýsing um skóla án aðgreiningar gefur fyrirheit um, þá eru kennarar og skólastjórnendur þeir sem bera vinnuna uppi. Þess vegna er ekki nóg með að menntun sé pólitískt viðfangsefni, kennarastarfið er pólitískt starf og kennarinn pólitískur gerandi.

En hvert er viðfangsefni aðgerða eins og þeirra að gera íslenska skóla án aðgreiningar? Viðfangsefnið er ekki bara að mennta börnin og taka vel á móti þeim heldur líka að breyta skólanum, breyta hugmyndum fólks um skóla og hugmyndum fólks um hlutverk skóla í samfélagi án aðgreiningar; í lýðræðislegu samfélagi. Hlutverk kennarans í slíkum aðgerðum er ekki bara að vinna samkvæmt gefnum hugmyndum, heldur að *breyta* gefnum hugmyndum. Kennari, hvort sem hann er almennur kennari eða sérkennari, getur ekki gengið að merkingu orðsins 'skóli' gefinni, heldur er það hluti af starfi hans að endurskoða merkingu orðsins.

Skóli án aðgreiningar fjallar ekki um það hvernig við komum fötluðum nemendum fyrir í almennum skólum, heldur um það hvað almennur skóli yfirleitt er. Hér er ekki bara um að ræða hversu móttækilegir *skólarnir* eru fyrir margbreytileika, heldur einnig hversu móttækilegt *samfélagið* er fyrir margbreytileika.

Hvernig sem þeim spurningum sem lúta að afdrifum einstakra nemenda kann að vera svarað, þá ættu svörin að leiða til endurskoðunar á aðstöðunni sem er fyrir hendi, á menntun þess fólks sem er til staðar og á hlutverki skólans, ekki bara í lífi þeirra einstaklinga sem um ræðir heldur í samfélaginu almennt. Á endanum kunna hin einstaklingsbundnu svör að setja þrýsting á viðteknar hugmyndir okkar um skóla, menntun, lýðræði og réttlæti. En ef þrýstingur frá hinum einstaklingsbundnu svörum á að leiða til endurskoðunar á hugtökum eins og *skóli*, *lýðræði* og *réttlæti*, verður að setja hið einstaklingsbundna í víðara samhengi. Þeir sem vinna á vettvangi verða að læra að efast um hið augljósa og sjálfgefna. Til að það geti gerst, þá verður það fólk sem vinnur á vettvanginum að leyfa sér að vera heimspekingar, eða öllu heldur, veigra sér ekki við því að vera heimspekingar. Það verður að vera svolítið klofstutt þegar það stíkar um urðir tungumálsins.

VI

Þegar ég segi að endurskoðun á einstaklingsbundnum úrræðum handa tilteknum nemendum kunni að setja þrýsting á hugmyndir okkar um lýðræði, gæti einhver spurt: „En hvaða hugmyndir um lýðræði? Það eru til margar hugmyndir um lýðræði og flestar frekar óljósar.“ Spurningin ber vott um raunsæi og er sannarlega viðeigandi. Einn vandinn við að setja þrýsting á hugmyndir okkar um skóla, lýðræði, menntun og réttlæti er að í samtímanum er rík tilhneiging til að nota þessi orð án viðleitni til að gefa þeim

ákveðna merkingu. Það mætti raunar segja að hin skipulega viðleitni sé öll í öfuga átt: að grafa undan merkingu þeirra.⁸ Þegar merking orða tvístrast og enginn hirðir um að safna saman brotunum, þá missum við hugtökin út úr höndunum á okkur. Og þegar við höfum tapað hugtökunum, þá verður tungumálið sljótt vopn í hvaða baráttu sem er. Þess vegna krefst réttindabarátta, hvaða nafni sem hún nefnist, þess að tungumálið sé ræktað.

Þegar talað er um hlutverk, ábyrgð og stöðu kennara, þá má ekki vanrækja að gefa orðasambandi eins og ‘skóli án aðgreiningar’ ákveðna merkingu. Það er auðvelt að hruga börnum með ólíkar þarfir saman í skóla og bekki, telja svo stuðningsfulltrúa og sérkennara inn í starfsliðið eftir einhverri formúlu og kalla það sem úr verður *skóla fyrir alla*, *skóla án aðgreiningar*, *lýðræðislegan skóla*, *einstaklingsmiðað nám* eða hvaða öðru nafni sem er. En ef þessum orðasamböndum er ekki gefin ákveðin merking – ef ekki er reynt með ærinni fyrirhöfn að átta sig á því hvaða hugtök búa þarna að baki og jafnframt að gefa þeim þá merkingu sem er við hæfi, þá verða þessi orðasambönd ekkert annað en innantómir leppar. Eftir sem áður verður unnið gott starf hér og hvar og ýmis börn munu njóta þess að hafa góða kennara sem veita þeim umhyggju og stuðnings. En slíkt verður tilviljun háð og íslenskur skóli mun ekki verða tæki til að uppræta skipulega mismunun.

8

Sjá t.d. grein Georges Orwell, „Stjórnmál og ensk tunga“ í greinasafninu *Stjórnmál og bókmenntir* (Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík, 2009).

VII

Ég hef nú vonandi gefið ykkur svolitla innsýn í það hvernig heim-spekingar gerast klofstuttir og hnjóta um tungumálið. Í lokin langar mig að hnjóta um eitt orð til viðbótar. Þetta er orðið *pedagógík* sem reyndar er ekki íslenskt orð heldur grískt. Það er samsett úr tveimur orðum, *país* sem þýðir *barn* og *agein* sem þýðir *að leiða*. Í daglegri málnotkun meðal Forn-Grikkja var orðið fyrst notað um þræl sem fylgdi piltum til og frá skóla.⁹ Síðar tók orðið á sig yfirfærða merkingu og vísaði til þess að barnið væri leitt um beitarlönd fræða og vísinda frekar en um götur til og frá skóla.

Hafi maður leitt barn veit maður hvað það getur verið vandasamt því barnið er svo miklu klofstytttra en maður sjálfur. Þess vegna þarf maður að fara hægt. En það er ekki bara stærðarmunurinn sem skiptir máli. Þau börn sem ég hef leitt hafa ævinlega viljað stoppa og skoða eitthvað sem fyrir augu ber, það getur verið

9

Sjá inngang eftir Clarence E. Glad að þýðingu hans á *Fræðaranum* I eftir Klemens frá Alexandríu (Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík, 2004). Clarence segir m.a. um merkingu orðsins: „... í daglegri málnotkun var orðið ... fyrst notað meðal Grikkja um þræl, sem fylgdi piltum til og frá skóla. Slíkir þrælar báru til dæmis nestispoka piltanna og vörðu þá gegn aðsteðjandi hættum og áreiti annarra. Síðar var orðið notað um þræla, sem höfðu umsjón og eftirlit með uppeldi og mótun mannkosta pilta og aðstoðuðu þá jafnframt við heimanám. Það varð smám saman að aðalhlutverki slíkra þræla að efla mannkosti piltanna og veita þeim siðferðilegt uppeldi“ (bls. 19).

steinn eða spýta, eða eitthvað annað ámóta hversdagslegt. Stundum vilja þau taka þetta með sér, ekki endilega vegna þess að þeim þyki hluturinn fallegur, heldur vegna þess að hann er áhugaverður. Þegar heim er komið eru vasarnir fullir af grjóti sem fer í kassa og inn í geymslu. Þetta grjót er til marks um eitt það dýrmætasta í mannlegri náttúru; nefnilega hæfileikann til að finnast heimurinn áhugaverður; hæfileikann til að undrast yfir heiminum. Barnið stoppar ekki af því að það er klofstutt heldur vegna þess að heimurinn talar til þess. Barnið er ekki heimspekingur – það er ekki orðið heimspekingur – en það býr yfir þeim eiginleikum sem gerðu vestræna heimspeki að veruleika fyrir liðlega 2500 árum. Kúnstin við að vera klofstuttur heimspekingur er að veita því athygli sem fyrir augu ber, staldra við og undrast, og tína upp af götunni hluti sem tala til manns.